

Mál nr. 345/2016**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps er bifreið og reiðhjól rákust saman.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.10.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.11.2016, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 16 hinn 6. september 2016 ók M bifreið sinni, A, norður Rauðarárstíg í Reykjavík. Reiðhjólamaður, B, kom hjólandi á eftir A. Við Fosshótel Lind að Rauðarárstíg 18 kvaðst M hafa gefið stefnuljós til vinstri í því skyni að nota „akstursrein“ fyrir framan hótelið til að taka U-beygju. Í sömu andrá hafi B ákveðið að taka fram úr A og við það hafi hann litið aftur fyrir sig og því ekki tekið eftir því að A var beygt. Það hafi valdið því að B hafi hjólað á vinstri hlið A.

B kvað að hægt hafi verið verulega á ferð A á móts við Rauðarárstíg 18 eins og ökumaður væri að stöðva. Hann hafi ekki séð nein stefnuljós loga á A. Hann hafi ákveðið að aka fram úr A og litið snögg aftur fyrir sig til að kanna hvort bifreið væri að koma fram úr sér. Þegar hann hafi litið aftur fram hafi A verið beygt þvert í veg fyrir sig til að taka U-beygju. Hann hafi ekki náð að stöðva í tæka tíð og lent á vinstri afturhurð A. Hjólið hafi skemmst lítið en hann hafi fengið skurð á hægri hendi og æð sprungið við hægra auga.

V, ábyrgðartryggjandi A, komst að þeirri niðurstöðu að M bæri ábyrgð á tjóni því sem hlaust við umferðaróhappið og því bæri að bæta tjón B úr ábyrgðartryggingu A. M vill ekki una þessari niðurstöðu V.

Álit.

M bar að gæta þess að geta snúið við á götunni án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 (ufl.). Þessa gætti hann ekki. Eins og hér stóð á hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi beygt til vinstri eða með öðrum hætti undirbúið greinilega vinstri beygju, sbr. 1. mgr. 20. gr. ufl., til dæmis með því að gefa stefnumerki til vinstri, svo B hafi borið að aka hægra megin fram úr A í stað þess að fara fram úr vinstra megin eins og hann gerði. Sú sönnun hefur ekki tekist eins og málið liggur fyrir. Er því ósannað að óhappið verði rakið til atvika sem B telst eiga sök á. Þá er til þess að líta að samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Að virtu því sem hér að framan greinir telst M sem eigandi A bera ábyrgð á því tjóni sem B varð fyrir. Er tjónið því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

B á því rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. desember 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.